

# Hönnun og smíði 5

---

## Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur læri: örugga meðferð verkfæra og góða umgengni í smíðastofunni; góða líkamsbeitingu við vinnu; örugga aðferð við tálgun, þjálfast í notkun ýmissa handverkfæra og sjálfstæðum vinnubrögðum.

## Námsgögn sem við notum:

Ýmis handverkfæri. Gegnheill viður (ferskur og unninn), krossviður, spónaplötur, festingar og ýmislegt endurnýtt efni.

## Kennsluhættir í lotunni:

Sýnikennsla, samvinnunám, verkefnavinna.

## Námsmat:

Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf meðan unnið er. Gátlistar tengdir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Einkunn og/eða umsögn gefin fyrir hvert verkefni sem lokið er.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk

- Framvinda
- Hæfnieinkunn (tákn)

### Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.

### Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Hönnun og tækni

- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

## Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Umhverfi

- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

## List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 5.-7. bekk - Menningarläsi

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.